



**Kennari:** Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

**Skammstöfun:** GHG

### Áfangalýsing:

Notkun tölvuforrita við lausn stærðfræðiverkefna er helsta viðfangsefni áfangans. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í notkun forrita s.s. Excel, Geogebra, Sketch-up og Wolfram-alpha við úrlausnir stærðfræðiverkefna. Fjallað verður um hvernig nýta má tilbúnar reikniformúlur í töflureiknum, hvernig þá má nýta við myndræna framsetningu niðurstaðna, töflugerð og greiningu og flokkun tölulegra gagna. Lögð verður áhersla á að nemendur vinni hagnýt stærðfræðileg verkefni sem m.a. auka skilning á fjármálum, umhverfi okkar og notkunar stærðfræði í daglegu lífi, nemendur kynnast nokkrum vel þekktum þrautum úr sögu stærðfræðinnar. Auk þess vinna nemendur stærðfræðileg verkefni sem tengjast áhugasviði þeirra.

### Áherslur:

- Þjálfun í notkun töflureikna.
- Þjálfun í notkun Geogebru.
- Kynning á 3víddar teikningum.
- Prautalausnir með hjálp tölvutækni.
- Stærðfræði daglegs lífs.
- Verkefni tengd áhugasviði nemenda.

### Markmið:

- Að nemendur þjálfist í notkun töflureikna við lausn stærðfræðiverkefna.
- Að nemendur þjálfist í notkun Geogebru við lausn stærðfræðiverkefna.
- Að nemendur eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum við lausn ólíkra verkefna.
- Að nemendur eflist í að leysa stærðfræðileg viðfangsefni daglegs lífs.
- Að nemendur þjálfist í tungumáli stærðfræðinnar.
- Að nemendur þjálfist í samvinnu við lausnir þrauta.

### Námsefni:

Námsgögn verða aðgengileg á námskerfi Innu. Nemendur þurfa ekki að kaupa námsgögn í áfanganum.

## Námsmat:

Áfanganum er skipt upp í 3 lotur sem hver gildir 1/3 af heildareinkunn.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verkefni	Vinnubók, virkni í tímum	33 %
Verkefni	Hópverkefni í lotu 1 og 2	22%
Lotupróf	Hverri lotu lýkur með 11% lotuprófi	33%
Lokaverkefni	Eftir 3. Lotu – þrautalausnir, lokakeppni	12%

Lögð er áhersla á verkefnavinnu í áfanganum og gilda þau samtals 67% af lokaеinkunn áfangans. Hluti af þeim eru svokölluð *vinnubókarverkefni* sem gilda samtals 33%. Mat á þeim verkefnum er samkvæmt eftirfarandi skýringu. Við vinnslu vinnubókarverkefnis gildir mest að mæta í kennslustundina, leggja sig fram og skila fullunnu verkefni. Áfanginn hentar afar illa fyrir nemendur sem eiga erfitt með að mæta.

### **Vinnubókarverkefni (1/3 af hverri lotu)**

Mat á verkefnum í vinnubók er eftirfarandi:

- 0%** Nemandi skilar ekki verkefninu. Hefur lokið innan við 50% verkefnis eða skilað verkefni frá öðrum.
- 50%** Nemandi skilar hálfunnu verkefni. Hefur ekki klárað eða lagt sig fram við að vinna verkefnið vel fyrir veittan skilafrest.
- 100%** Nemandi skilar vel unnu verkefni á réttum tíma. Hefur greinilega lagt sig fram við að klára verkefnið.

Önnur verkefni eru hópverkefni sem taka lengri tíma eða u.p.b. viku hvert.

Nemendur taka þrjú lotupróf yfir önnina og verða að ná að meðaltali einkunninni 5,0 í þeim. Meðaleinkunn úr áfanganum verður einnig að vera yfir 5,0. Námsmat byggist að verulegu leiti á þátttöku í tímum og lotubundnu símati. Nemandi sem ekki nær að ljúka lotunum 3 af óviðráðanlegum ástæðum getur sótt um að fá að ljúka áfanganum með lokaprófi.

**Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.**

17.8 2020

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir (GHG)